

## REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um þvingunaraðgerðir varðandi Íran, nr. 384/2014.

1. gr.

*Þvingunaraðgerðir.*

Eftirfarandi töluliðir skulu bætast við 1. mgr. 2. gr. reglugerðarinnar, í rétttri númeraröð:

3.35 Ákvörðun ráðsins (SSUÖ) 2026/762 frá 30. mars 2026 um breytingu á ákvörðun 2010/413/SSUÖ um þvingunaraðgerðir gegn Íran, sbr. fylgiskjal 3.35.

4.34 Reglugerð ráðsins (ESB) 2026/759 frá 30. mars 2026 um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 267/2012 um þvingunaraðgerðir gegn Íran og um niðurfellingu á reglugerð (ESB) nr. 961/2010, eins og hún var leiðrétt í Stjórnartíðindum ESB L, 2026/90314, þann 23. apríl 2026, sbr. fylgiskjal 4.34.

2. gr.

*Gildistaka o.fl.*

Reglugerð þessi, sem er sett með heimild í 6. gr. laga um framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða og frystingu fjármuna nr. 68/2023, öðlast þegar gildi.

*Utanríkisráðuneytinu, 11. júní 2026.*

**Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir.**

---

*Martin Eyjólfsson.*

**Fylgiskjal 3.35.****ÁKVÖRÐUN RÁÐSINS (SSUÖ) 2026/762**

frá 30. mars 2026

**um breytingu á ákvörðun 2010/413/SSUÖ um þvingunaraðgerðir gegn Íran**

RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um Evrópusambandið, einkum 29. gr.,

með hliðsjón af tillögu frá æðsta fulltrúa Sambandsins í utanríkis- og öryggismálum,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Hinn 26. júlí 2010 samþykkti ráðið ákvörðun 2010/413/SSUÖ <sup>(1)</sup>.
- 2) Hinn 29. september 2025 samþykkti ráðið, í kjölfar endurupptöku refsiaðgerða Sameinuðu þjóðanna gagnvart Íran sem tengjast kjarnorkumálum í samræmi við ályktun öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna nr. 2231 (2015), ákvörðun (SSUÖ) 2025/1972 <sup>(2)</sup> sem breytti ákvörðun 2010/413/SSUÖ og kvað á um endurupptöku allra refsiaðgerða Sambandsins gagnvart Íran sem tengjast kjarnorkumálum sem höfðu verið stöðvaðar tímabundið eða þeim hætt samkvæmt sameiginlegu heildaráætluninni um framkvæmd.
- 3) Ráðið ákvað einkum að leggja aftur bann við beinni eða óbeinni afhendingu, sölu eða tilflutningi á vörum og tækni með tvíþætt notagildi, sem eru á skrá í I. viðauka við reglugerð ráðsins (EB) nr. 428/2009 <sup>(3)</sup>, til notkunar í eða til hagsbóta fyrir Íran.
- 4) Hinn 20. maí 2021 samþykkti Sambandið reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2021/821 <sup>(4)</sup>. Með þeirri reglugerð var reglugerð (EB) nr. 428/2009 felld niður.
- 5) Því ætti að breyta ákvörðun 2010/413/SSUÖ til samræmis við það.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

*1. gr.*

Í stað e-liðar 1. mgr. 1. gr. ákvörðunar 2010/413/SSUÖ kemur eftirfarandi:

„e) aðrar vörur og tæki með tvíþætt notagildi, sem eru á skrá í I. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2021/821 <sup>(5)</sup>“ og ákvæði a-liðar þessarar málsgreinar gilda ekki um, að undanskildum tilteknum hlutum í 5. flokki 1. og 2. hluta í VII. hluta I. viðauka við þá reglugerð.

*2. gr.*Ákvörðun þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Gjört í Brussel 30. mars 2026.

*Fyrir hönd ráðsins,**forseti*

M. PANAYIOTOU

<sup>(1)</sup> Ákvörðun ráðsins 2010/413/SSUÖ frá 26. júlí 2010 um þvingunaraðgerðir gegn Íran og niðurfellingu sameiginlegrar afstöðu 2007/140/SSUÖ (Stjtið. ESB L 195, 27.7.2010, bls. 39, ELI: <https://data.europa.eu/eli/dec/2010/413/oj>).

<sup>(2)</sup> Ákvörðun ráðsins (SSUÖ) 2025/1972 frá 29. september 2025 um breytingu á ákvörðun 2010/413/SSUÖ um þvingunaraðgerðir gegn Íran (Stjtið. ESB L, 2025/1972, 29.9.2025, ELI: <https://data.europa.eu/eli/dec/2025/1972/oj>).

<sup>(3)</sup> Reglugerð ráðsins (EB) nr. 428/2009 frá 5. maí 2009 um að setja Bandalagsreglur um eftirlit með útflutningi, tilflutningi, miðlun og viðkomu hluta með tvíþætt notagildi (Stjtið. ESB L 134, 29.5.2009, bls. 1, ELI: <https://data.europa.eu/eli/reg/2009/428/oj>).

<sup>(4)</sup> Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2021/821 frá 20. maí 2021 um að koma á reglum Sambandsins um eftirlit með útflutningi, miðlun, tæknilegri aðstoð, tilflutningi og flutningi hluta með tvíþætt notagildi (Stjtið. ESB L 206, 11.6.2021, bls. 1, ELI: <https://data.europa.eu/eli/reg/2021/821/oj>).

<sup>(5)</sup> Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2021/821 frá 20. maí 2021 um að koma á reglum Sambandsins um eftirlit með útflutningi, miðlun, tæknilegri aðstoð, tilflutningi og flutningi hluta með tvíþætt notagildi (Stjtið. ESB L 206, 11.6.2021, bls. 1, ELI: <https://data.europa.eu/eli/reg/2021/821/oj>).

**Fylgiskjal 4.34.****REGLUGERÐ RÁÐSINS (ESB) 2026/759**

frá 30. mars 2026

**um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 267/2012 um þvingunaraðgerðir gegn Íran  
og um niðurfellingu á reglugerð (ESB) nr. 961/2010**

RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins, einkum 215. gr.,

með hliðsjón af ákvörðun ráðsins (SSUÖ) 2026/762 frá 30. mars 2026 um breytingu á ákvörðun 2010/413/SSUÖ um þvingunaraðgerðir gegn Íran <sup>(1)</sup>,

með hliðsjón af sameiginlegri tillögu frá æðsta fulltrúa Sambandsins í utanríkis- og öryggismálum og framkvæmdastjórn Evrópusambandsins,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Hinn 26. júlí 2010 samþykkti ráðið ákvörðun 2010/413/SSUÖ <sup>(2)</sup> og 23. mars 2012 samþykkti ráðið reglugerð (ESB) nr. 267/2012 <sup>(3)</sup> um þvingunaraðgerðir gegn Íran.
- 2) Hinn 29. september 2025 samþykkti ráðið, í kjölfar endurupptöku refsiaðgerða Sameinuðu þjóðanna gagnvart Íran sem tengjast kjarnorkumálum í samræmi við ályktun öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna nr. 2231 (2015), ákvörðun (SSUÖ) 2025/1972 <sup>(4)</sup> sem breytti ákvörðun 2010/413/SSUÖ og kvað á um endurupptöku allra refsiaðgerða Sambandsins gagnvart Íran sem tengjast kjarnorkumálum sem höfðu verið stöðvaðar tímabundið eða þeim hætt samkvæmt sameiginlegu heildaráætluninni um framkvæmd.
- 3) Ráðið ákvað einkum að leggja aftur bann við beinni eða óbeinni afhendingu, sölu eða tilflutningi á vörum og tækni með tvíþætt notagildi, sem eru á skrá í I. viðauka við reglugerð ráðsins (EB) nr. 428/2009 <sup>(5)</sup>, til notkunar í eða til hagsbóta fyrir Íran.
- 4) Hinn 20. maí 2021 samþykkti Sambandið reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2021/821 <sup>(6)</sup>. Með þeirri reglugerð var reglugerð (EB) nr. 428/2009 felld niður.
- 5) Því ætti að breyta reglugerð (ESB) nr. 267/2012 til samræmis við það.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

*1. gr.*

Reglugerð (ESB) nr. 267/2012 er breytt sem hér segir:

- 1) Í stað 2. og 3. mgr. 2. gr. kemur eftirfarandi:  
„2. Í I. viðauka skal tilgreina vörur og tækni, þ.m.t. hugbúnaður, sem eru hlutir með tvíþætt notagildi eins og skilgreint er í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 2021/821 <sup>(7)</sup>“, að undanskildum tilteknum vörum og tækni eins og tilgreint er í A-hluta I. viðauka við þessa reglugerð.  
3. Hlutaðeigandi aðildarríki skal tilkynna hinum aðildarríkjunum og framkvæmdastjórninni, innan fjögurra vikna, um veittar heimildir í samræmi við reglugerð (ESB) nr. 2021/821, að því er varðar vörur og tækni, sbr. A-hluta I. viðauka við þessa reglugerð.
- 2) Í stað 2. mgr. 3. gr. kemur eftirfarandi:  
„2. Lögbær stjórnvöld í því aðildarríki þar sem útflytjandinn hefur staðfestu skulu veita fyrrnefnda heimild vegna alls útflutnings sem heimildar er krafist fyrir samkvæmt ákvæðum þessarar greinar og skal hún vera í samræmi við ítarlegar reglur sem mælt er fyrir um í 14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 2021/821. Heimildin gildir í gervöllu Sambandinu.“
- 3) Viðaukunum er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

## 2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 30. mars 2026.

*Fyrir hönd ráðsins,*  
*forseti*  
M. PANAYIOTOU

---

<sup>(1)</sup> <https://data.europa.eu/eli/dec/2026/762/oj>.

<sup>(2)</sup> Ákvörðun ráðsins 2010/413/SSUÖ frá 26. júlí 2010 um þvingunaraðgerðir gegn Íran og niðurfellingu sameiginlegrar afstöðu 2007/140/SSUÖ (Stjtið. ESB L 195, 27.7.2010, bls. 39, ELI: <https://data.europa.eu/eli/dec/2010/413/oj>).

<sup>(3)</sup> Reglugerð ráðsins (ESB) nr. 267/2012 frá 23. mars 2012 um þvingunaraðgerðir gegn Íran og um niðurfellingu á reglugerð (ESB) nr. 961/2010 (Stjtið. ESB L 88, 24.3.2012, bls. 1, ELI: <https://data.europa.eu/eli/reg/2012/267/oj>).

<sup>(4)</sup> Ákvörðun ráðsins (SSUÖ) 2025/1972 frá 29. september 2025 um breytingu á ákvörðun 2010/413/SSUÖ um þvingunaraðgerðir gegn Íran (<https://data.europa.eu/eli/dec/2025/1972/oj>).

<sup>(5)</sup> Reglugerð ráðsins (EB) nr. 428/2009 frá 5. maí 2009 um að setja Bandalagsreglur um eftirlit með útflutningi, tilflutningi, miðlun og viðkomu hluta með tvíþætt notagildi (Stjtið. ESB L 134, 29.5.2009, bls. 1, ELI: <https://data.europa.eu/eli/reg/2009/428/oj>).

<sup>(6)</sup> Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2021/821 frá 20. maí 2021 um að koma á reglum Sambandsins um eftirlit með útflutningi, miðlun, tæknilegri aðstoð, tilflutningi og flutningi hluta með tvíþætt notagildi (Stjtið. ESB L 206, 11.6.2021, bls. 1, ELI: <https://data.europa.eu/eli/reg/2021/821/oj>).

<sup>(7)</sup> Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2021/821 frá 20. maí 2021 um að koma á reglum Sambandsins um eftirlit með útflutningi, miðlun, tæknilegri aðstoð, tilflutningi og flutningi hluta með tvíþætt notagildi (Stjtið. ESB L 206, 11.6.2021, bls. 1, ELI: <https://data.europa.eu/eli/reg/2021/821/oj>).

## VIÐAUKI

Viðaukar eru birtir á vef Stjórnartíðinda ESB: <https://data.europa.eu/eli/reg/2026/759/oj>.

Listar yfir aðila, hluti, tækni eða annað viðfang þvingunaraðgerða, eru birtir á vef Stjórnartíðinda Evrópusambandsins. Síðari breytingar og uppfærslur viðaukanna öðlast sjálfkrafa gildi við birtingu á þeim vef, sbr. 3. mgr. 6. gr. laga um framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða og frýstingu fjármuna nr. 68/2023.

Vefur Stjórnartíðinda Evrópusambandsins er hér: <https://eurlex.europa.eu>.

Heildarlisti yfir aðila sem eru háðir frýstingu fjármuna er hér: [https://ec.europa.eu/info/business-economy-euro/banking-and-finance/international-relations/restrictive-measures-sanctions\\_en#list](https://ec.europa.eu/info/business-economy-euro/banking-and-finance/international-relations/restrictive-measures-sanctions_en#list).

---

B-deild – Útgáfudagur: 22. júní 2026

Leiðrétt skjal: 25. júní 2026